

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Ísafjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Ísafjarðarapóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 9—18

Laugardaga kl. 11—12

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.

27. ágúst 1976.

Nr. 335.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 235 15. maí 1975.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 18.720,00 á ári fyrir hvert hús.

b) Vatnsgjald kr. 78,00 á ári pr. m³. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. orðist þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 69.960,00.

Hús 300—2000 m³ kr. 69.960,00 fyrir 300 m³ og 61,00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 173.400,00 fyrir 2000 m³ og kr. 46,00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheilmil umfram einn á sama inntaki er kr. 10.800,00.

2. mgr. 11. gr. orðist þannig:

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, auk kr. 1.200,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.